

75 Útaf þessu er hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk
19. maí. svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Siglufirði, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir:

Að norðan bein lína milli fjalls og fjöru tuttugu og fimm föðmum fyrir norðan húsið Bakka. Að sunnan bein lína milli fjalls og fjöru tuttugu og fimm föðmum fyrir sunnan húsið Hlíðarhús. Að vestan fjallið. Að austan fjörðurinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem þau eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

76 **Bréf stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um framkvæmd tolllaganna.**
23. maí. Svohljóðandi þingsályktun hefir verið samþykkt á síðasta alþingi:
Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að hafa eftirlit með því, að gildandi tolllögum sé framfylgt svo stranglega sem auðið er og sérstaklega hlutast til um:

1. að brytum á skipum hér við land sé ekki látið haldast uppi að komast hjá tollgreiðslu undir því yfirskyni, að hinar tollskyldu vörur heyri undir skipsforða.
2. að ekki sleppi hjá tolli vörur, sem fluttar eru úr einu skipi í annað innan landhelgi, eða hafðar eru til neyzlu handa öðrum en skipverjum eða farþegum á því skipi, sem flytur hinar tollskyldu vörur.
3. að útlendir fiskimenn og aðrir útlendir atvinnurekendur, er fara í útver hingað til lands og dvelja hér að sumrinu og stunda hér fiskiveiðar eða aðra atvinnu og nesta sig heiman að með vistum, greiði hér lögmæltan toll af öllum tollskyldum varningi, er þeir birgja sig eða láta sig birgja upp með heiman að.
4. að þeir, sem að öðru leyti reka nokkura verzlun í landhelgi, verði bæði að kaupa verzlunarleyfi, gjalda toll af tollskyldum vörum og að öðru leyti gegna öllum þeim þjóðfélagsgjöldum, sem lögmælt eru hér á landi.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, til eftirbreytni eftir því sem frekast er unt, og lög standa til.

77 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um flutning**
24. maí. þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfum, dags. 25. f. m. og 3. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hofsreppi, veitir stjórnarráðið hérmeð